

Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 6. september 2022

Fundur: 7. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: ~~Aðalbjörg Hafsteinsdóttir~~, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.
 - a. Ritari tekur saman fundargerðir síðustu funda til staðfestingar stjórnar.
2. Staðan í hreyfingunni við upphaf haustanna.
 - a. Farið yfir stöðuna í þeim félögum og samböndum sem stjórnarmenn hafa þegar sett sig í samband við. Aðrir hvattir til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.
3. Stefnumótun og verkefni skrifstofu FRÍ)
 - a. Formaður segir frá góðri stefnumótunarvinnu með skrifstofu. Þörf fyrir að rýna betur í þau verkefni sem skapa tekjur og styrkja starfið til framtíðar.
4. Helstu verkefni framundan
 - a. Gjaldkeri fór yfir stöðuna en níu mánaða uppgjör verður lagt fram í lok september. Mikilvægt að kortleggja hækkanir sem kynna þurfi á formannafundi haustsins.
 - b. Átaksverkefni út frá stefnumótun
 - A. Formaður fer yfir komandi viðburði, sérverkefni og möguleg tækifæri fyrir sambandið. Mikilvægt sé að finna verkefni sem megi nota til að ná inn (a) styrktaraðilum og (b) fleiri iðkendum. Viðræður eru þegar farnar af stað við utanaðkomandi aðila og hafin. Megin hugmyndin felst í því að virkja fólk, til þátttöku í frjálsum íþróttum, í gegnum skóla, fyrirtæki og fjölskyldur. Vinna við þetta heldur áfram og verður betur kynnt á næstu vikum.
 - c. Reglugerðarbreytingar.
 - A. 48 tímar til staðfestingar Íslandsmeta. Formanni falin frekari vinnsla.
 - B. Masters starf: Rætt um notkun á hugtakinu *Masters* fyrir 30+. Deildar meinignar
 - C. Reglugerðir um meistaramót: Enn í vinnslu. Afgreiðslu frestað.
5. Önnur mál
 - a. Ólympíuhátíð Evrópu æskunnar. Stjórnarmaður óskar eftir skýringum á mistökum sem urðu til þess á Ólympíuhátíð æskunnar að einn keppenda Íslands í frjálsum missti af keppni. Rætt um mikilvægi þess að farið verði yfir verklag fararstjórnar í kringum slíkar keppnir til þess að tryggja að slík mistök get ekki átt sér stað.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.20.